

Háskólinn á Hólum í Hjaltadal
Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur

14. október 2025
UOS2501502/K.G.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 8. September 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Háskólinn á Hólum í Hjaltadal þann 13. ágúst 2025. Þann 10. október 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 4.5 í starfsleyfi. Seinkuð skil á ársyfirliti 2024.** Samkvæmt gildandi starfsleyfi á að skila ársyfirliti fyrir 1. maí á hverju ári. Ársyfirlit 2024 barst stofnuninni þann 8. maí 2025 og telst frávikinu lokið.
2. **Gr. 4.5 í starfsleyfi. Seinkuð skil á ársyfirliti 2023.** Samkvæmt gildandi starfsleyfi á að skila ársyfirliti fyrir 1. maí á hverju ári. Ársyfirlit 2023 barst stofnuninni þann 13. ágúst 2025 og telst frávikinu lokið.
3. **Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun köfnunarefnis og fosfórs yfir mörkum starfsleyfis árið 2023.** Samkvæmt gildandi starfsleyfi er losun köfnunarefnis í ferskvatn takmörkuð við 60 kg á hvert framleitt tonn og losun fosfórs við 7 kg á hvert framleitt tonn. Reiknuð losun 2023 var 60,4 kg/tonn N og 11,2 kg/tonn P.

Rekstraraðili hefur greint frá því að sem kynbótastöð sé starfsemin háð háum fódurstuðli til að tryggja eðlilegan vöxt og val á fiskstofnum. Tromlusían, sem gegnir lykilhlutverki við að fjarlægja föst efni úr frárennsli, hefur verið biluð um tíma. Varahlutir í tromlusíuna hafa nú borist, og gert er ráð fyrir að hún verði komin í fullan rekstur um miðjan október 2025.

Rekstraraðili hyggst safna seyrur úr tromlusíunni eftir lagfæringu, vigta hana og senda til efnagreiningar til að ákvarða magn köfnunarefnis og fosfórs. Niðurstöður munu nýtast til að draga viðeigandi magn frá útreiknaðri losun næsta árs og þannig tryggja að heildarlosun verði innan marka starfsleyfis.

4. **Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs yfir mörkum starfsleyfis árið 2024.** Samkvæmt gildandi starfsleyfi er losun köfnunarefnis í ferskvatn takmörkuð við 60 kg á hvert framleitt tonn og losun fosfórs við 7 kg á hvert framleitt tonn. Reiknuð losun 2023 var 59.9 kg/tonn N og 11,1 kg/tonn P.

Vísað er í aðgerðir í lið 3.

5. **Gr. 3.5 í starfsleyfi. Fóðurleifar fundust í viðtaka sem tengist Hjaltadalsá.** Samkvæmt gildandi starfsleyfi er rekstraraðila skylt að tryggja að hvergi við útrásina þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka, sé uppsöfnun mengunarefna (set eða útfellingar).

Tromlusían hefur verið biluð um tíma og olli það því að fóðurleifar bárust í viðtaka. Varahlutir í tromlusíuna frá framleiðanda í Svíþjóð eru komnir í hús og búast má við að hún verði komin í eðlilegan rekstur um miðjan október 2025. Eftir að tromlusían hefur verið tekin í notkun verður viðtakinn þrífinn og fylgst með hvort fóðurleifar safnist þar fyrir. Teknar verða ljósmyndir af viðtakanum og þær sendar eftirlitsmanni UOS ásamt niðurstöðum efnagreiningar og endurmati á losun. Áætlað er að þessu verði lokið um miðjan nóvember 2025.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1410/2023, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í Teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

Lögfræðingur í Teymi eftirlits